

**208. fundur Skipulags- og umhverfiráðs, haldinn í fjarfundi,
6. september 2021 og hófst hann kl. 16:00.**

Fundinn sátu:

Ragnar B. Sæmundsson formaður, Ólafur Adolfsson varaformaður, Guðríður Sigurjónsdóttir aðalmaður, Sigurður Páll Harðarson sviðsstjóri skipulags- og umhverfissviðs, Halla Marta Árnadóttir skipulagsfulltrúi, Hafðís Sigurþórsdóttir fulltrúi og Sævar Freyr Þráinsson bæjarstjóri.

Fundargerð ritaði: Sigurður Páll Harðarson, sviðsstjóri skipulags- og umhverfissviðs.

Fundurinn er haldinn í gegnum fjarfundarbúnaðinn Teams.

Fyrir tekið:

1. 2106178 - Aðalskipulag Akraness - breyting Jörundarholti

Fundargerð kynningarfundar sem haldinn var þann 19. ágúst sl.

Fundargerð lögð fram.

2. 2103095 - Almannavarnanefnd Vesturlands - áhættuskoðun 2020

Áhættuskoðun á Vesturlandi vinnugögn lögð fram.

Skipulags- og umhverfiráð bendir á að uppfæra þarf vinnugögn til samræmis við breyttar aðstæður á Akranesi.

3. 2109011 - Fyrirspurn til skipulags- og umhverfiráðs

Fyrirspurn um að sameina lóðir við Vallholt 1, 3 og 3A.

Fyrirspurn lýtur að sameiningu lóða þ.e. að Vallholt 1, 3 og 3A verði ein lóð. Ennfremur er ósk um að farið verði í skipulagsbreytingar þ.a. hægt verði að skipuleggja íbúðabyggð á lóðunum.

Skipulags- og umhverfiráð tekur jákvætt í erindið, en vill benda á eftirfarandi: Fyrir liggur viðauki við lóðarsamning um Vallholt 1, 300 Akranesi, sem dagsettur er 3. október 2016. Þar kemur m.a. fram að lóðarhafar við Vallholt 1, geti hvenær sem er á samningstímanum sem rennur út 3. október 2026, fengið lóðunum við Vallholt 3 og 3A formlega úthlutað til sín í samræmi við reglur Akraneskaupstaðar eins og þær eru á hverjum tíma um úthlutun lóða.

Varðandi skipulagsbreytingar á svæðinu þá er í gangi vinna við endurskoðun aðalskipulags Akraness 2005-2017, þar sem m.a. hefur verið rætt um að breyta landnotkun ofangreindra lóða úr atvinnusvæði í íbúðabyggð. Endanlegar ákvarðanir um slíkt hafa þó ekki verið teknar.

Bent skal á að ef skipulagsbreytingar leiða af sér aukin kostnað mun hann lenda á viðkomandi lóðahöfum. Varðandi frekara framhald málsins ræðst það af þeim skipulagsgögnum sem lögð verða fram.

4. 2108031 - Hafnarbraut - Gatnahönnun

Yfirborðsfrágangur Hafnarbrautar.

Skipulags- og umhverfiráð samþykkir fyrirbyggjandi tillögu Mannvits að hönnun

yfirborðsfrágangs við Hafnarbraut.

5. 2109028 - Sementsreitur - götuheiti

Tillaga að nöfnum á götur á Sementsreit.

Skipulags- og umhverfissráð leggur til að gerð verði skoðanakönnun meðal íbúa á Akranesi um nöfn á nýjum götum á Sementsreit. Skipulagsfulltrúa falið að fylgja málinu eftir.

6. 2101238 - Sementsreitur - uppbygging

Útboð á byggingarrétti.

Skipulags- og umhverfissráð leggur til við bæjarráð að fyrirbyggjandi drög á útboði á byggingarétti á reitum C1-C2 og D1-D4 á Sementsreit, verði samþykkt

7. 2106179 - Fjárhagsáætlun 2022 og þriggja ára áætlun vegna tímabilsins 2023-2025

Minnisblað ÍA vegna vinnu við fjárhagsáætlun.

Lagt fram minnisblað með forgangsóskum knattspyrnufélags ÍA vegna mannvirkjamála (vallarmála) á Jaðarbökkum.

Skipulags- og umhverfissráð samþykkir að vísa beiðninni til fjárhagsáætlunar Akraneskaupstaðar 2022.

8. 2109043 - Framkvæmdaleyfi - Asbestlögn

Umsókn Veitna ohf. um að fjarlægja asbestlögn sem liggur frá vatnsbóli við Berjadalsá að lýsingahúsi á Golfvelli Leynis (Ásar Geislahús).

Skipulags- og umhverfissráð leggur til við bæjarstjórn að samþykkja framkvæmdaleyfi þar sem fjarlægja á asbestlögn sem liggur frá vatnsbóli í Berjadal, að lýsingarhúsi "Ásar geislahús", skv. 10 gr. reglugerðar um framkvæmdaleyfi nr. 772/2012.

Fundarmenn samþykktu fundargerðina með rafrænum hætti.

Fleira ekki gert, fundi slitið kl. 18:00.